

*Í Heilsuleikskólanum Laufás er markvísst unnið með samskipti og vináttu. Vináttuverkefnið Blær er notað til að efla færnina.*

*Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu Barnaheilla.*

**Stuðlaðu að góðum samskiptum og vináttu í leikskóla barnsins þíns**  
- ráð til foreldra



- 1 Sýndu barninu þínu stuðning í að umgangast sem flest börn í leikskólanum.
- 2 Talaðu alltaf af jákvæðni um önnur börn í leikskólanum, foreldra þeirra og starfsmenn leikskólans.
- 3 Komdu á sameiginlegum hefðum með öðrum foreldrum og starfsmönnum leikskólans varðandi afmælisdaga barnanna, heimboð og fleira.
- 4 Hvettu barnið þitt til þess að segja frá og til þess að styðja félagi sína og verja.
- 5 Hlustaðu á aðra foreldra af jákvæðni þegar þeir tala um málefni barna sinna.
- 6 Vertu góð fyrirmynd barnsins þíns í orði og verki.

